



TILBOÐ TIL HLUTHAFA Í KALDBAKI HF.



Burðarás hf., kt. 510169-1829, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, tilboðsgjafi, býður hluthöfum í Kaldbaki, hf., kt. 670169-3679, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri, að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu.



Tilboð þetta er sett fram í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Samkvæmt 32. grein laganna er meðal annars kveðið á um að aðilum sem eignast 40% atkvæðisréttar í hlutafélagi, sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði, er skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð.



Burðarás á 76,77% hlutfjár í Kaldbaki og gerir hluthöfum í Kaldbaki tilboð í hluti þeirra. Tilboðsverðið er 0,637841438 hlutir í Burðarási fyrir hvern einn hlut í Kaldbaki. Verðið er það hæsta sem Burðarás hefur greitt fyrir hluti í Kaldbaki síðastliðna sex mánuði. Burðarás hyggst gefa út nýja hluti til að greiða fyrir hlutina í Kaldbaki.

Tilboðið gildir frá klukkan 9.00 mánudaginn 15. nóvember 2004 til klukkan 16.00 mánudaginn 13. desember 2004.

Stefnt er að því að sameina Burðarás og Kaldbak undir nafni Burðaráss og munu samþykktir Burðaráss gilda um hið sameinaða félag. Sameiningin verður lögð fyrir hluthafafund í Kaldbaki þann 18. nóvember 2004. Með samruna félaganna er tryggt að ekki komi til skattlagningar söluhagnaðar við skipti á bréfum í félögunum, en mögulegt er að sú verði raunin við skipti á hlutabréfum samkvæmt yfirtökutilboði.

Í ljósi skattalegs hagræðis hluthafa Kaldbaks af samruna í stað yfirtöku er hluthöfum bent á að ef hluthafafundur Kaldbaks samþykkir samruna við Burðarás mun yfirtökutilboð þetta falla niður og allir hluthafar Kaldbaks fá hluti í Burðarási í krafti samþykktar hluthafafundarins. **Hluthafar eru hvattir til að biða með að svara yfirtökutilboðinu fram yfir hluthafafund í Kaldbaki því verði samruni Burðaráss og Kaldbaks samþykktur á hluthafafundinum er ekki nauðsynlegt að hluthafar sendi inn samþykki fyrir tilboðinu.**

Verði samruna hins vegar hafnað á hluthafafundi Kaldbaks, mun yfirtökutilboðið gilda til klukkan 16.00 mánudaginn 13. desember 2004. Þeim hluthöfum sem vilja taka tilboðinu gefst tækifæri til að senda inn samþykki sitt fram að þeim tíma.

Umsjónaraðili yfirtökutilboðsins fyrir hönd Burðaráss er Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, sími 410 4000. Nánari upplýsingar um yfirtökutilboðið er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila.

